



Heilsuvernd

Upplýsingar fyrir nemendur á Landspítala

Landspítali gerir kröfur til nemenda og starfsmanna í samræmi við vinnuverndarlög, verklagsreglur um forvarnir og tilmæli sóttvarnarlæknis ([Dreifibréf nr.2/2018](#)).

Nemendur á Landspítala

Bólusetningar

Öllum nemendum er skylt að skila vottorði um að þeir hafi verið bólusettir með/fyrir:

- Boostrix polio: Barnaveiki (Diphtheria), stífkrampi (Tetanus), kikhósti (Pertussis) og mænusótt (Polio). Þessa bólusetningu þarf að endurnýja á 10 ára fresti.
- M-m rvaxpro eða Priorix (MMR): Mislingar (Morbilli), hettusótt (Parotitis epidemica) og rauðir hundar (Rubella). Nemandi þarf að hafa fengið sem barn tvær bólusetningar eða eina eftir 12 ára aldurinn.

Vottorðið má fá með því að skrá sig með rafrænum skilríkjum inn á „Mínar síður“ á [heilsuvera.is](#).

- Vottorðinu skal skilað til viðkomandi háskóladeildar/-brautar eða umsjónarmanns verknáms áður en verklegt nám hefst á Landspítala.
- Ef nemandi þarf að uppfæra bólusetningar þá þarf hann að gera það á heilsugæslustöð a.m.k. 1 mánuði áður en komið er til starfsmannahjúkrunarfræðings á Landspítala.
- Mælst er til þess að nemendur í heilbrigðisvísindum séu bólusettir árlega gegn influensu.

Berklapróf

Öllum nemendum er skylt að fara í berklapróf áður en þeir hefja verklegt nám á spítalanum. Berklapróf eru gerð á Landspítalanum fyrir nemendur frá HÍ, FB og FÁ*. Þau eru auglýst af skrifstofum deilda á heilbrigðisvísindasviði HÍ, en nemar úr FÁ og FB (ef ekki er fyrirfram skipulagt) panti tíma í síma 543-1330.

Lifrabólga B

Nemendum í heilbrigðisgreinum er skylt að láta bólusetja sig gegn lifrabólgu. Bólusetting er þrisvar á 6 mánaða tímabili. Önnur sprautan er gefin mánuði eftir hina fyrstu og sú þriðja 5 mánuðum síðar. Bólusetningar fara fram á Landspítala fyrir nemendur frá HÍ, FB og FÁ*. Þær eru auglýstar af skrifstofum deilda á heilbrigðisvísindasviði HÍ.

MÓSA-próf

Ef nemandi hefur verið í verknámi, legið, eða unnið á erlendum sjúkrahöfnum sex mánuðum fyrir nám á Landspítala, eða áður greinst með MÓSA, þarf að rækta fyrir MÓSA (Meticillín ónæmur Staphylococcus aureus).

Neikvætt svar úr ræktun þarf að liggja fyrir áður en klínískt nám á Landspítala hefst.

Strok er tekið hjá starfsmannahjúkrunarfræðingi, panta þarf tíma í síma 543-1330. Svar liggur fyrir innan 2-3 sólarhringa.

Erlendir nemar / íslenskir nemar erlendis frá

Nemendum sem koma erlendis frá (íslenskum sem erlendum) er skylt að framvísa nýju svari úr berklaprófi, bólusetningavottorði, staðfestingu á bólusetningu gegn lifrabólgu B og nýju svari úr MÓSA-prófi, sem tekið skal eftir síðustu dvöl á klínískri deild. Sjá nánar hér fyrir ofan. Vottorðunum skal skilað til hlutaðeigandi deildar við upphaf námsdvalar. Þeir nemendur sem ekki framvísa þessum vottorðum geta ekki stundað nám á spítalanum. Sjá upplýsingar á ensku á eftirfarandi síðu: <http://www.landspitali.is/?PageID=17536>

Íslenskir nemendur sem fara utan

Nemendur sem fara utan í verknám þurfa sjálfir að sækja sér bólusetningar og vottorð til heilsugæslustöðva.

Nánari upplýsingar

Nánari upplýsingar er hægt að fá hjá starfsmannahjúkrunarfræðingum Landspítala.

Landspítala, feb 2021
Menntadeild – mannauðssvið